Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS 108 Reykjavík
Tel: +354 591 2000
Fax: +354 591 2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Landmótun ehf
Óskar Örn Gunnarsson
Hamraborg 12 5h
200 Kópavogur

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. október 2013
Tilvísun: UST20131000056/bs

**Deiliskipulag - hótel og nágrenni - Patreksfjörður. Umsögn**

Vísað er til bréfs Vesturbyggðar dags. 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.
Umrætt deiliskipulag er gert fyrir hótel og nágrenni og felur í sér flóðavarnir við Litlu Dalsá.
Umhverfisstofnun gerir ekki athugsemdir við fyrirhugað hótel við Aðalstræti.
Efnisþörf leiðigarða er um 6.300 $m^3$. Helstu áhrif áætlunarinnar getur orðið á gróðurfar landslag og ásýnd. Niðurstað umhverfismat er sú að helstu áhrif verða vegna breytinga á ásýnd vegna leiðigarða. Reynt verður að draga úr þessum áhrifum með því að fella garða að landi eins og kostur er og með uppgræðslu garðanna. Ráðgert er að vakta framvindu gróðurs og fylgjast hvort jarðvegsrof verði á framkvæmdasvæðinu.
Umhverfisstofnun telur að ef hönnun mannvirkja og frágangur verði í samræmi við það sem fyrr segir muni umrætt deiliskipulag breyta ásýnd svæðisins en ekki hafa verulega neikvæð áhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
sérfræðingur

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur